

# Þróun skjálftavirkni á virkjanasvæðum haustið 2011 til ársloka 2022

Niurdæling jarðhitavatns, einkum á Húsmúlasvæðinu, en einnig jarðhitavinnsla, sprengingar í tengslum við jarðfræðirannsóknir og boranir á háhitasvæðum geta valdið skjálftavirkni, svokallaðri örvaðri skjálftavirkni eða gikkskjálftum. Orka náttúrunnar vinnur eftir verklagi sem miðar að því að lágmarka hættu á örvuðum jarðskjálftum á og við Hengilinn.

Markmið samstæðu OR um að jarðskjálftar sem hugsanlega tengjast niurdælingu á jarðhitavatni valdi sem minnstum óþægindum og valdi ekki tjóni var uppfyllt. Árið 2022 urðu engir skjálftar að stærð 3 eða stærri á niurdælingarsvæðum virkjana Orku náttúrunnar. Hinsvegar urðu tveir skjálftar að stærð 3.2 á vinnslusvæði Orku Náttúrunnar við Hverahlíð, annar í febrúar og hinn í nóvember. Líklegt er talið að þeir tengist vinnslunni á svæðinu. Að lokum varð skjálfti að stærð 4.9 við Stóra Meitil. Sá skjálfti var á töluverðu dýpi eða um 8 km og því er talið að hann sé ekki tengdur starfsemi Orku Náttúrunnar á svæðinu.

Engar tilkynningar voru sendar til skjálftavaktar Veðurstofu Íslands og Almanna- og Almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra vegna breytinga á niurdælingu árið 2022. Hins vegar voru sendar út fréttatilkynningar til að upplýsa um stöðuna í kjölfar tveggja af áður nefndum skjálftum.

